



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 16.04.2020

Kl.: 16:15

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti
landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Framvindan

Upplýsingamiðlun, gerð leiðbeininga og ráðlegginga til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#) og upplýsingasíðunni covid.is

Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19.

Dregið verður úr takmörkunum á samkomum og skólahaldi frá 4. maí [Sjá nánar fréttatilkynningu stjórnarráðsins.](#)

Tölulegar upplýsingar fyrir Ísland


Fjöldi staðfesta smitaðra hér á landi er nú 1.739 og 587 eru í einangrun. Alls eru 1.394 innanlandssmit og ekki vitað um uppruna 8 smita. Samtals hafa um 38.204 sýni verið tekin, 818 síðasta sólarhring. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru átta látnir.

[Skv. tölum Landspítalans](#) eru 33 á Landspítala með COVID-19 smit, þar af eru 5 á gjörgæslu og 3 í öndunarvél. 591 eru í eftirliti á Göngudeild COVID-19, þar af 57 börn í eftirliti Barnaspítala Hringins. Þá hefur 1199 einstaklingum batnað og 61 einstaklingur hefur verið útskrifaður af spítalanum.

Spálíkan fyrir fjölda tilfella og álag á heilbrigðisþjónustu [covid.hi.is](#)

Helstu niðurstöður til og með 13. apríl.

- Gert er ráð fyrir því að á meðan þessi bylgja faraldursins gengur yfir muni rúmlega 1700 manns á Íslandi vera greind með COVID-19, en talan gæti náð nær 2100 manns skv. svartsýnni spá.
- Gert er ráð fyrir að fjöldi greindra einstaklinga með virkan sjúkdóm nái hámarki í fyrstu viku apríl og verði sennilega um 1300 manns, en gæti viku seinna náð 1600 manns skv. svartsýnni spá.
- Gert er ráð fyrir að á meðan að þessi bylgja faraldursins gengur yfir muni 110 manns þarfnast innlagnar á sjúkrahúsi, en gæti náð hátt í 150 manns.
- Mesta álag á heilbrigðisþjónustu vegna sjúkrahúsinnlagna verður fyrir miðjan apríl en þá er gert ráð fyrir að um það bil 60 einstaklingar geti verið innliggjandi á sama tíma, en svartsýnni spá er 90 einstaklingar.
- Gert er ráð fyrir því að á tíma faraldursins muni um 24 einstaklingar veikjast alvarlega, þ.e. þurfa innlögn á gjörgæslu, á tímabilinu en svartsýnni spá er 35 einstaklingar.
- Mesta álag á gjörgæsludeildir gæti orðið í annarri viku apríl, en þá er búist við því að 10 manns liggi þar inni á sama tíma, en samkvæmt svartsýnni spá gætu það verið 18 manns.
- Smávægileg hliðrun aldursdreifingar í átt að fleiri greindum smitum meðal einstaklinga yfir sextugt myndi auka álag á heilbrigðisþjónustu talsvert.



Þátttakendur: Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn, Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, Alma D. Möller, landlæknir. Gestir fundarins: Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala og Silja Ingólfssdóttir frá Rauða krossinum, sem fjallaði um félagslega einangrun og einmanaleika.

Víðir Reynisson brýnir fyrir almenningi að enn sé samkomubann í gildi. Fjórði maí er ekki upprunninn þótt hann skilji vel að fólki hafi verið létt við að heyra að bráðum verði slakað á reglum en þær voru ekki verið settar að ástæðulausu. Við viljum ekki fá bakslag í faraldurinn.

Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir:

- Fór yfir tölulegar upplýsingar. Virkum smitum heldur áfram að fækka. Tíunda daginn í röð fækkar þeim sem eru með virkt smit. Veikir landsmenn hafa ekki verið færri síðan 22. mars.
- 58% þeirra sem greindust í gær voru í sóttkví. Sjúkdómurinn er í rénum en við munum áfram sjá viðvarandi smit í samfélaginu og búist er við að um 10 manns greinist daglega á næstu dögum. Ekki sé enn raunhæft að enginn ný smit greinist á næstunni. Þess vegna þurfi áfram að brýna fyrir fólki að gæta að samfélagslegum aðgerðum eins og fjarlægðarmörkum, handþvotti og að nota áfram handspritt.
- Búast má búast við niðurstöðum starfshóps um skipulag ferðalaga öðru hvorum megin við helgina. Minnir á núverandi reglu – að allir sem koma til landsins þurfi að fara í sóttkví. Reglan hefur ekki gilt um erlenda ferðamenn en sóttvarnalæknir telur að því þurfi að breyta. Erlendis og á alþjóðavettvangi sé einnig verið að skoða skipulag ferðalaga og samstarf sé algjörlega nauðsynlegt í þessum efnum. Niðurstöðum um framhald málsins sé að vænta á næstu dögum og í framhaldinu mun Sóttvarnalæknir senda tillögur til heilbrigðisráðherra sem birtir ákvörðun.

Alma D. Möller, landlæknir:

- Hrósar krökkum og öllum þeim sem sinna krökkum landsins á þessum sérkennilegum tímum. Líka þeim sem sjá önnur framlínustörf eins og t.d. þrif. Hreinlæti hafi aldrei verið jafnt mikilvægt, hvar sem er í samfélaginu.
- Alma fer yfir Rakning-C 19 appið, en 133 þúsund hafa sótt smitakningarátt eða í kringum 37% þjóðarinnar. Þó að faraldurinn sé í rénum þá er talið að hann verði viðloðandi næstu vikurnar, því mjög mikilvægt að halda áfram almennum aðgerðum. Appið verður ekki síst mikilvægt á næstu vikum og mánuðum þegar við verðum ekki lengur jafn upptekin af veirunni.
- Þrátt fyrir heimsfaraldurinn er ýmislegt gott á döfinni í heilbrigðismálum. Til að mynda hafi í gær verið birt drög að aðgerðaáætlun í þjónustu við fólk með heilabilun og LSH er að ganga frá úrræðum fyrir börn með fíknivanda.
- Alma sagði einnig að nauðsynlega heilbrigðisþjónusta mætti ekki láta bíða of lengi og hvatti fólk sem þarfnast heilbrigðisþjónustu að sækja sér hana. Áfram gildi þó sú regla að best sé að hringja á undan sér.
- Embætti landlæknis fylgist með heilbrigðisþjónustu í landinu og embættið hefur nú tekið saman tölulegar upplýsingar um þjónustu og komur á stofnanir. Miðað við tölur þá hafa heildarsamskipti við heilsugæslurnar aukist um 30% á milli ára. Það er mest vegna COVID-19 og mesta álagið var í byrjun mars. Eðlilega var mikil aukning á símtölum og rafrænum samskiptum. Innlagnir á sjúkrahús er nú um 70% af því sem þær voru í byrjun febrúar og 75% miðað við sama tíma í fyrra. Eins og staðan er núna er COVID-19 sýking ástæða um 80% innlagna á spítala landsins.
- Á næstu vikum verður farið yfir tölulegar upplýsingar er varða biðlista, komur til sérfræðilækna, á geðdeild og sv. frv. Alla þessa þætti þurfi að skoða.

Páll Matthíasson, forstjóri LSH

- Starfsmenn LSH sem eru í sóttkví eru 23 og 12 starfsmenn eru í einangrun.
- Ný sending af hlífðarbúnaði er væntanleg með flugvél frá Kína.
- Reglur um fæðingarþjónustu á LSH eru óbreyttar og svo verður til 4. maí. Til skoðunar er hvernig þær verði rýmkaðar og útfærðar.
- Rjúðrið, hvíldaraðstaða fyrir langveik börn verður hins vegar opnuð aftur nú þegar. Deildinni var lokað til að verja börn og starfsfólk barnspítalans fyrir sýkingum.
- Ýmis þjónusta er nú í boði sem ekki var áður. Leitast er við að aðstoða inniliggjandi sjúklinga að eiga samskipti við sína nánustu með rafrænum hætti.
- Unnið er að vef fyrir starfsfólk LSH þar sem verða ýmsar leiðbeiningar um hvernig megi huga að eftirköstum faraldursins. Efnið verður einnig aðgengilegt almenningi og öðru heilbrigðisstarfsfólki á ytri vef LSH.

Silja Ingólfssdóttir, Rauði kross Íslands:

- Silja þakkaði sjálfbóðaliðum um allt land. Þakkaði einnig þeim sem svara í hjálparsímann 1717 – þeirra starf er svo ósýnilegt en samt svo óendanlega mikilvægt. Einmanaleikinn er mikill nú um stundir og það er erfitt að takast á við allar þær tilfinningar sem upp koma. Langvarandi félagsleg einangrun hefur slæmar afleiðingar á heilsu fólks. Það sýni allar rannsóknir.
- Rauði krossinn leggur áherslu á að rjúfa félagslega einangrun fólks. Hringt er einu sinni á dag í fólk sem sjálfbóðaliðar heimsótti fyrir faraldurinn. Silja sagði að allir eiga erindi. Allir geti verið einmana – og það sé er engum um að kenna. Ástæður þess að fólk einangrast félagslega geta verið ótal margar – og heimsfaraldur hjálpar ekki fólk sem eru í þeirri stöðu. Við upplifum margt nýtt í alveg nýjum kringumstæðum – mjög gott að leita eftir nýjum tengslum.
- Silja hvatti fólk sem er í þessari stöðu að nýta sér þjónustu Rauða krossins og hringja í hjálparsíma Rauða krossins sem er 1717. Sjálfbóðaliðar taka við símtölum og ráðleggja einstaklingum um hvert sé rétt að leita eða spjalla bara. Við skiptum öll máli! Ekkert erindi er of lítið eða of stórt. Síminn er opin allan sólarhringinn, allt árið.

Spurningar og svör:

- Steinunn Ása frá *Með okkar augum* spurði Ölmur hvort hún hafi upplifað hræðslu í kringum faraldurinn. Hún segist ekki hafa verið hrædd, því þau hafi átt gott samstarf og hún hafði fundið hvað samfélagið standi vel saman.
- Víðir er spurður hvenær megi knúast aftur. Víðir segir þetta frábæra spurningu, en það er ljóst að það megi ekki vera strax. Það væri vonandi í júlí, þegar sumarið nær hápunkti.
- Alma var spurð að því hvað er verið að gera núna varðandi aukningu á ofbeldi og öðru slíku. Hún sagði að áfram verður fylgst mjög vel með líðan fólks, sérstaklega varðandi sjálfsvíg og verið sé að ráðast í gerð rannsókna á líðan Íslendinga. Ekki eru vísbendingar um fleiri sjálfsvíg núna, en mikilvægt að vera vakandi vegna þess.
- Spurt var hvort sérstaklega verði reynt að verja eldra fólk þegar reglur verða slakari 4. maí. Þórólfur sagði að eldri borgarar séu í sérstökum áhættuhópi og það hefur skilað sér varðandi hertar reglur. Það er hópur í gangi til að samrýma reglurnar betur á landsvísu, en hjúkrunarheimilin sjálf hafa oft sett eigin reglur. Þetta verður allt skoðað nánar.

Ýmis verkefni

Skimun á Ísafirði og Bolungarvík

Skimun fyrir Covid-19 veirunni meðal íbúa á norðanverðum Vestfjörðum hófst í gærmorgun en 1500 manns bókuðu pláss í skimunina. Skimunin er samstarfsverkefni Íslenskrar erfðagreiningar og Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og stendur í þrjá daga og lýkur föstudaginn 17. apríl. Sýnin eru tekin við Björgunarsveitarhúsið í Bolungarvík og á Ísafirði í Kampaskemmunni, Crossfitstöðinni, skoðunarstöð Frumherja og við kjallara sjúkrahússins í Ísafirði. Góð þátttaka er í skimuninni og bókaðist fljótt í flesta tíma. Skimunin er fyrir einstaklinga sem ekki finna fyrir einkennum. Einstaklingar í sóttkví eða einangrun skulu halda sig heima. Verkefnið er unnið af starfsfólki Hvest ásamt sjálfbóðaliðum.

Viðbragðsteymi til að draga úr þjónusturofi við viðkvæma hópa

Ástandið er gott hjá langflestum sveitarfélögum en mikið álag hefur verið á framlínufólki í félagsþjónustu og í nærþjónustu við fatlað fólk og aldraða. Starfsfólk hefur sinnt þessu verkefni vel og við fordæmalausar aðstæður með það að markmiði að varna smiti og útbreiðslu COVID-19 og standa vörð um þjónustunotendur. Það sjónarmið virðist ráða athöfnum starfsmanna jafnt í vinnu sem og í frítíma. Sem dæmi um lausnamiðaða framkvæmd má nefna að Heilbrigðisstofnun Austurlands og félagsþjónusturnar á Austurlandi í samvinnu við Samráðshóp um áfallahjálp í umdæmi Lögreglustjórans á Austurlandi hafa sameinað krafta sína, starfsfólk og sjálfbóðaliða til þess að sinna heimþjónustu og heimahjúkrun á svæðinu. Slíku samstarfi ber að hrósa.

Mikið af félagasamtökum á borð við Bjarkarhlíð, Píeta samtökin og Heimilisfrið voru með opna símaráðgjöf yfir páskahátíðarnar. Yfirbragðið var almennt rólegt en engu síður barst nokkuð af símtölum á alla staðina þar sem málin voru ólík. Bakvarðasveit velferðarþjónustu fór í loftið 17. mars og eru nú komnar yfir 1.400 skráningar. Eitt sveitarfélag óskaði eftir liðsauka yfir páskahátíðina og voru þrjár aðilar fengnir til starfa af listanum.

Viðbragðsteyminu barst ábending um að mikilvægt muni verða að undirbúa hvernig sinna skuli börnum í viðkvæmri stöðu þegar skólastarf fer aftur á fullt skrið og gera þurfi ráð fyrir sérstöku fjármagni til þess. Þarna er verið að vísa sérstaklega til barna sem tilheyra fjölskyldum sem búa við félagslega erfiðleika, fátækt, innflytjendur o.s.frv.

Líðan þjóðarinnar á tímum COVID-19 verður rannsökuð

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í dag að veita 1,5 milljónir króna af sameiginlegu ráðstöfunarfé sínu til rannsókna á líðan þjóðarinnar á tímum COVID-19. Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands stendur að rannsókninni í samvinnu við Embætti landlæknis og sóttvarnarlækni, en hún er einnig unnin í samvinnu við aðra háskólastofnanir á Norðurlöndunum. Markmið rannsóknarinnar er að meta líðan og lífsgæði þjóðarinnar við núverandi aðstæður og möguleg áhrif á heilsufar til lengri tíma. Rannsóknin er tvíþætt. Annars vegar verður öllum einstaklingum 18 ára og eldri sem hafa rafræn skilríki boðið að taka þátt í netkönnun um líðan á óvissutímum faraldursins COVID-19. Þessi hluti könnunarinnar fer fram innan skamms og verður endurtekinn að ári. Hins vegar verður leitað til þátttakenda í tveimur rannsóknum sem áður hafa verið gerðar á líðan landsmanna, þ.e. annars vegar í rannsókn embættis landlæknis; *Heilsa og líðan Íslendinga* sem gerð var árið 2017 og hins vegar í rannsókn Unnar Valdimarsdóttur; *Áfallasaga kvenna*.

Rúmlega milljarður kr. til menningar-, æskulýðs- og íþróttastarfs: Stuðningur vegna COVID-19


Hálfur milljarður kr. mun renna til menningarstarfs og skapandi greina, með sérstakri áherslu á sjálfstætt starfandi listamenn, og 500 milljónir kr. til íþróttastarfs og æskulýðsstarfs, til að mæta áhrifum COVID-19. Þá verður 100 milljónum kr. varið til varðveislu menningararfs með sérstöku framlagi í húsafriðunarsjóð. Stuðningur þessi byggir á þingsályktunartillögu um fjárfestingaráttak stjórnvalda til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldursins, sem samþykkt var á Alþingi þann 30. mars sl. Hefðbundin menningarstarfsemi og íþróttastarf hefur nánast lagst af á undanföllum vikum og stór hópur fólks og félaga orðið fyrir miklum tekjumissi.

Rauði krossinn

Vegna álags á Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og netspjallið 1717.is [hefur félagsmálaráðuneytið](#) ákveðið að styðja við þjónustuna. Stuðningurinn mun efla Hjálparsímann og netspjallið í að sinna meðal annars fjöl-skyldum, börnum og ungmennum, fötluðu fólki öldruðum og fólki af erlendum uppruna á þeim fordæmalausu tímum, sem nú eru uppi. Símtöl í 1717 hafa þrefaldast samanborið við það, sem áður var. Símtölin eru nú bæði lengri og þyngrri.

Vefurinn www.covid.is

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar kl. 13:00 á vefsvæðinu covid.is. Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Hér eru tölur fyrir heimsóknir á tölfræðisíðu covid.is frá upphafi.




Framundan:


- Upplýsingafundur fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 er áætlaður föstudaginn 17. apríl 2020 kl. 9:00.

Ísland - staðan í dag


Heildartölur




Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru átta látin.



Fjöldi smita



Fjöldi sýna




Fjöldi smita eftir kyni



Download data

Uppruni smits




Download data

Smit / sóttkví eftir landshlutum




	Smit	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	1277	1235
Suðurnes	77	63
Suðurland	173	186
Austurland	9	24
Norðurland eystra	46	67
Norðurland vestra	35	6
Vestfirðir	78	88
Vesturland	41	49
Óstaðsett	2	82
Útlönd	1	0

Hlutfall smita af fjölda sýna



Fjöldi virkra smita eftir aldri, fjöldi þeirra sem hafa náð sér og andlát




Download data

Hlutfall smitaðra sem greinast í sóttkví



54%

þeirra sem hafa greinst voru í sóttkví



Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 2,081,969 einstaklingum** samkvæmt John Hopkins og **um 138,487 einstaklingur** er látinn. Þá hafa **525,884 einstaklegar náð sér** eftir veikindin. Skv. ECDC er faraldurinn meðalstór fyrir hrausta einstaklinga en mikil lýðheilsu-ógn fyrir aldraða og einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](https://ecdc.europa.eu/) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.